



**Aukaársfundur  
3. desember 2014**

- 1. Samrunasamningur Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga lagður fram til afgreiðslu.**
- 2. Tillögur til breytinga á samþykktum.**



**Aukaársfundur 3.12.2014**

***Samrunasamningur Gildis og  
Lífeyrissjóðs Vestfirðinga***

*Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis*

# *Samrunasamningur*

- Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga leitaði til stjórnar Gildis í lok maí sl. og óskaði eftir formlegum viðræðum um samruna sjóðanna.
- Ársfundur Lsj. Vestfirðinga hafði tvö ár í röð samþykkt heimild til stjórnar sjóðsins til að leita eftir samruna við annan lífeyrissjóð.
- Stjórn Gildis samþykkti 11. júní að ganga til viðræðna um samruna sjóðanna.
- Samrunasamningur samþykktur í stjórnnum beggja sjóða 19. september.

# *Samrunasamningur*

- Sjóðirnir skipuðu viðræðunefnd til að hafa umsjón með samrunaferlinu.
- Þórarinn V. Þórarinsson hrl. og Vigfús Ásgeirsson tryggingafræðingur sjóðanna hafa unnið með viðræðunefndinni.
- Samruninn skyldi kynntur á sjóðfélagafundum í lok október og lagðir fyrir aukaársfundi í desember.

# Samrunasamningur

## 1. gr.

- Sameining lífeyrissjóðanna öðlast gildi 1. janúar 2015 og tekur Gildi-lífeyrissjóður þann dag við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga sem þá sameinast Gildi-lífeyrissjóði í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa.

## 2. gr.

- Samningi þessum fylgja tillögur að breytingum á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs, sem samanburður á samþykktum sjóðanna hefur gefið tilefni til og sem miðað er við að verði gildandi samþykktir sjóðsins eftir sameiningu sjóðanna. Er þar m.a. tekið mið af fjölgun aðildarféлага sjóðsins sem leiðir af sameiningunni.

# Samrunasamningur

## 3. gr.

- Sjóðirnir sameinast á grundvelli eigna og skuldbindinga eins og þær reynast hinn 31. desember 2014. Ársreikningar sjóðanna eru gerðir skv. reglum nr. 55/2000 sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu og fylgja sjóðirnir því í öllum höfuðdráttum sömu reglum og viðmiðunum um mat á eignum. Skulu endurskoðendur beggja lífeyrissjóðanna hafa með sér samstarf til að tryggja að við gerð ársreikninga sjóðanna fyrir árið 2014 verði að öllu leyti fylgt sömu viðmiðum um eignamat og þá ef í milli ber að fylgt sé viðmiðunum Gildis-lífeyrissjóðs.

## 4. gr.

- Við samrunann skulu öll áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Vestfirðinga metin upp og varðveitt eins og þau standa samkvæmt gildandi samþykktum sjóðsins hinn 31. desember 2014. Samruni sjóðanna skal miðast við áfallna stöðu lífeyrisskuldbindinga. Mat á framtíðarkostnaði vegna þeirra réttinda skal miðast við kostnaðarhlutföll Gildis-lífeyrissjóðs.

# Samrunasamningur

## 5. gr.

- Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga skal gera ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014. Frá því samruni sjóðanna tekur gildi hinn 1. janúar 2015 fellur niður umboð stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga til annars en að gera ársreikning sjóðsins fyrir liðið starfsár og til að gæta hagsmuna sjóðfélaga sjóðsins við mat á samhengi eigna og skuldbindinga skv. 7. gr. Skal ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2014 gerður með venjulegum hætti, endurskoðaður og með tryggingafræðilegu uppgjöri, áritaður af stjórn og framkvæmdastjóra og liggja þannig fyrir eigi síðar en 15. mars 2015. Samþykktur ársreikningur Gildis-lífeyrissjóðs skal liggja fyrir á sama tíma.

## 6. gr.

- Innan fjögurra vikna frá samþykkt samrunasamnings þessa skal stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga gefa út innköllun til skuldheimtumanna sjóðsins skv. ákvæðum 3. mgr. 48. gr. laga 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda.



# Samrunasamningur

## 7. gr.

- Þegar fyrir liggur endanlegt mat á eignum og skuldbindingum skal jafna mun sem vera kann á hlutfalli eigna miðað við skuldbindingar milli sjóðanna miðað við uppgjör eigna og skuldbindinga hinn 31.12.2014. Skal þá auka réttindi í þeim sjóði sem betur stendur þannig að fullt jafnvægi náist milli sjóðanna. Um aukningu réttinda fer þá eftir ákvæðum greinar gr. 10.4 í samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs.

## 8. gr.

- Gildi-lífeyrissjóður mun í framhaldi af sameiningu sjóðanna hafa starfsstöð sjóðsins á Ísafirði til að treysta samband við sjóðfélaga og iðgjaldagreiðendur á Vestfjörðum.

## 9. gr.

- Stjórnir beggja sjóða skulu skipa tvo fulltrúa í viðræðunefnd til að hafa umsjón með samrunaferlinu af hálfu sjóðanna.
- Stjórnir beggja lífeyrissjóðanna skulu fyrir lok n.k. októbermánaðar boða til sjóðfélagafunda þar sem samþykkt sjóðsstjórna um sameiningu sjóðanna verði kynnt.

## 9. gr. frh.

- Eigi síðar en 12. desember nk. skulu báðir sjóðirnir leggja samrunasamning þennan fyrir aukaársfundi sjóðanna til staðfestingar og öðlast samningur um sameiningu þeirra því aðeins gildi að hann verði samþykktur á aukaársfundum beggja sjóða ásamt þeim breytingum á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs sem sameiningin kallar á.
- Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga er heimilt að tilnefna einn stjórnarmann sem áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs frá 1. janúar 2015 fram að ársfundi sjóðsins s.á.
- Á ársfundi Gildis-lífeyrissjóðs árið 2015 skal gerð grein fyrir endanlegu uppgjöri sjóðanna og breytingum sem gerðar hafa verið á áunnum réttindum skv. ákvæðum 7. gr. samnings þessa. Eigi síðar en tveimur vikum eftir ársfund Gildis skal halda sjóðfélagafund á Ísafirði til að kynna þá niðurstöðu og starfsemi sjóðsins.

## Gildi-Lífeyrissjóður - Lífeyrissjóður Vestfirðinga - stærðir 31.12.2013

(fjárhæðir í þús. kr.)	Gildi	Lsj. Vestfirðinga	Hlutföll
Hrein eign til greiðslu lífeyris	334.323.695	34.582.772	90,7% - 9,3%
Samtrygging	331.380.803	33.999.116	
Séreign	2.942.892	583.656	
Iðgjöld	13.624.005	1.144.019	92,3% - 7,7%
Samtrygging	13.489.734	1.129.023	
Séreign	134.271	14.996	
Lífeyrir	10.211.315	971.135	91,3% - 8,7%
Samtrygging	10.064.156	949.912	
Séreign	147.159	21.224	
Fjárfestingatekjur	28.256.408	2.825.772	90,9% - 9,1%

# Gildi – Lvest - samanburður

Rekstrarkostnaður	638.014	134.262	82,7% - 17,3%
(skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ásamt fjárfestingargjöldum)			
Kennitölur (samtrygging):			
Hrein raunávöxtun 2013	5,50%	4,60%	
Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal	2,90%	2,60%	
Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal	2,50%	1,40%	
Fjöldi virkra sjóðfélaga	26.772	2.923	
Fjöldi lífeyrispega	17.110	1.638	



# Gildi – Lvest - samanburður

Hlutfallsleg skipting lífeyris:			
Ellilífeyrir	61,6%	60,3%	
Örorkulífeyrir	30,7%	29,2%	
Makalífeyrir	6,7%	8,7%	
Barnalífeyrir	1,0%	1,8%	
Tryggingafræðileg staða:			
Áfallin staða	-2,6%	-2,9%	
Heildarstaða	-3,5%	-4,9%	
Fjöldi starfsmanna	25	4	

**Tillögur til breytinga á samþykktum  
Gildis-lífeyrissjóðs**

# Tillögur til breytinga á samþykktum

- Stjórnir Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga undirrituðu samning um samruna sjóðanna 19. september 2014. Samkvæmt samningnum munu sjóðirnir sameinast 1. janúar 2015. Samrunasamningurinn er til afgreiðslu á aukaársfundum sjóðanna, hjá Gildi-lífeyrissjóði 3. desember og hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga 9. desember. Þær tillögur sem hér eru lagðar fram til breytinga á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs koma því aðeins til framkvæmda að samrunasamningurinn verði samþykktur hjá báðum sjóðunum.

# Tillögur til breytinga á samþykktum

## 1. Grein 3.2. orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu):

- Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling-stéttarfélag, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag hársnyrtisveina, **Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði**, Sjómannafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna, Verkalýðsfélagið Hlíf og **Verkalýðsfélag Vestfirðinga**, en Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda.
- Greinargerð:  
Vegna samruna við Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og Gildis-lífeyrissjóðs er hér bætt við aðildarfélögum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.



# Tillögur til breytinga á samþykktum

2. Við grein 7.3. bætist: Sjá viðauka B.

3. Við grein 7.4. bætist: Sjá viðauka B.

- Greinargerð:  
Rétt þykir að í lok greinanna sé tilvísun í Viðauka B. Slíkt ákvæði er í samþykktum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og er glegggra.

## 4. Við lokamálslið greinar 9.2. bætist: ... og fæðingarorlofsgreiðslur samkvæmt lögum um fæðingarorlof.

- Greinargerð:

Hér er tekið fram að einnig skuli telja til iðgjaldsstofns fæðingarorlofsgreiðslur samkvæmt lögum um fæðingarorlof, en um það eru ákvæði í 1. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Slíkt ákvæði er í samþykktum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og er til glöggvunar.

5. Grein 9.3. orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu, það sem fellur út er yfirstrikað):

- Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. ~~75/1984~~ **90/2003** um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. ~~59~~ **58.** gr. þeirra laga. Um iðgjaldshlutfall fer eftir grein 9.1.
- Greinargerð:  
Leiðrétt er tilvísun í lög um tekju- og eignaskatt.

6. Síðari málsliður greinar 9.6. orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu, það sem fellur út er yfirstrikað):

- Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. og 10. gr. laga nr. ~~53/1993~~ 88/2003. (Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa.)
- Greinargerð:  
Leiðrétt er tilvísun í lög um Ábyrgðarsjóð launa.

# Tillögur til breytinga á samþykktum

## 7. Grein 10.5. orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu, það sem fellur út er yfirstrikað):

- Áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóðnum Framsýn og Lífeyrissjóði sjómanna þann 31. maí 2005 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem giltu þann dag í hlutaðeigandi lífeyrissjóðum. **Sama gildir um áunnin geymd lífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði Vestfirðinga þann 31.12.2014.** Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. **framansögðu** áunnum rétti þann 31. maí 2005 fer skv. meginreglu 2. ml. í gr. 11.2. og 11.3. eins og sýnt er í töflum V og VI í viðauka A.
- Greinargerð:  
Í samþykktum Gildis er ákvæði um geymd réttindi á sameiningardegi sjóðanna sem sameinuðust í Gildi, Lífeyrissjóðnum Framsýn og Lífeyrissjóði sjómanna. Hér er sett samsvarandi ákvæði um geymd réttindi í Lífeyrissjóði Vestfirðinga 31.12.2014.

# Tillögur til breytinga á samþykktum

## 8. Við gr. 11.8. bætist nýr liður, c) liður svohljóðandi:

- Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Viðkomandi lífeyrissjóður skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
- Greinargerð:  
Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 er heimilt að skipta ellilífeyrisréttindum milli hjóna með þrennum hætti; með skiptingu áunninna réttinda, með skiptingu framtíðariðgjalda og með skiptingu lífeyrisgreiðslna. Síðastnefnda leiðin hefur fallið út við samningu samþykka Gildis og er hér með bætt úr því.

# Tillögur til breytinga á samþykktum

## 9. 2. málslíður greinar 23.1. orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu, það sem fellur út er yfirstrikað):

- Stjórn sjóðsins skal minnst ~~sex~~ **fjórum** vikum fyrir ársfund senda aðildarfélögum sjóðsins og Samtökum atvinnulífsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar.
- Greinargerð:  
Í nágildandi samþykktum Gildis segir að senda skuli aðildarfélögum sjóðsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar minnst 6 vikum fyrir ársfund. Hér er lagt til að þessi frestur verði 4 vikur. Hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga er þessi frestur 2 vikur.

- 10. Við Viðauka B bætast upplýsingar um ráðstöfun  
örorkuframlags hjá Gildi og Lífeyrissjóði Vestfirðinga  
auk upplýsinga um réttindabreytingar hjá Lífeyrissjóði  
Vestfirðinga.**



